

# Fundargerð

## 1. Almennar upplýsingar

---

- 1.1. **Heiti verkefnis:** Lagning ljósleiðara í Hrunamannahreppi
- 1.2. **Dagsetning:** 26.9.2018 **Fundartími:** 13:00 – 14:30
- 1.3. **Staður:** Flúðir
- 1.4. **Höfundur:** Guðmundur Daníelsson (GD)
- 1.5. **Mættir:** Hannibal Kjartansson (HK), Guðmundur Daníelsson (GD), Hörður Úlfarsson (HÚ), Lúðvig Þorfinnsson (LP)

## 2. Dagskrá

---

- 2.1. Útistandandi mál síðasta verkfundar
- 2.2. Framgangur við þann áfanga sem unnið er við
- 2.3. Næstu skref og áfangar
- 2.4. Önnur mál er varðar efni fundarins

## 3. Umræður

---

- 3.1. Farið var yfir útistandandi mál síðasta verkfundar og farið aftur yfir fyrirhugaðar lagnaleiðir í áfanga 3. Breytingar færðar inn á teikningar.
- 3.2. Breytingar hafa orðið við lagningu í áfanga 1B Brunnur við Ásatún fellur út og breytingar við Mela. GD uppfærir teikningar í samræmi við þetta og sendir verktaka. Unnið er við plægingu á heimtaugum við Hrafnkelsstaði og niðursetningu síðustu tengiskápa við áfangann að öðru leiti er jarðvinnu við áfanga 1B lokið. Blástur strengja í áfanganum er vel á veg kominn og tengingar á húskössum hafnar. Reiknað er með að áfangi 1B klárast í lok viku 40. Plæging er hafin í áfanga 3 og hefst blástur strengja á þann áfanga í beinu framhaldi af áfanga 1B.
- 3.3. Skv. verkáætlun tekur jarðvinna við áfanga 3 um tvær vikur. Áfangar 7 tekur þá við. Áfangi 7 er frá löjuslóð að Hvítárdal. Farið var lauslega yfir fyrirhugaða lagnaleið í áfanga 7 og 8.
- 3.4. GD óskaði eftir yfirliti yfir strengkefli og magn á þeim, bæði áteknunum og óáteknunum. LP sendir GD slíka skrá.

## 4. Niðurstaða / Næstu skref

---

- 4.1. GD breyting því sem nú þegar er ákveðið innan áfanga 3 og sendir uppfærða kerfismynd og tenging myndir.
- 4.2. LP sendir yfirlit yfir strengjakefli með áteknunum og óáteknunum keflum.